

Lokaskýrsla Álfhólsskóla til Sprotasjóðs

Læsi 2010 - 2012



Álfhólsskóli

Guðlaug Snorradóttir verkefnastjóri
Álfhólssvegi 100 og 120
200 Kópavog

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla

Álfhólsskóli

Nafn verkefnisstjóra

Guðlaug Snorradóttir

Nafn verkefnis

Læsi

Lokaskýrsla

1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Tilgangur verkefnisins er að efla og styrkja fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð í lestri. Gera góða lestrarkennslu enn betri og efla áhuga og ánægju nemenda á lestri. Til þess eru nýttar ýmsar nýjar og fjölbreyttar leiðir í kennslu og er verkefninu ætlað að sýna fram á mikilvægi lestrarþjálfunar allan grunnskólann. Rannsóknir ýmissa lestrarfræðinga s.s. norska prófessorsins Torleiv Höjen og sænska prófessorsins Barbro Westlund sýna svo ekki verði um villst að lestrarkunnáttu barna hefur hrakað verulega nú síðari ár og sýna rannsóknir að kennslu í lestri lýkur allt of snemma á skólagöngunni. Markmiðið er að nýta markvisst sem flestar lestrarkennsluaðferðir og mæla reglulega árangur nemenda. Lagt er upp með ákveðna vinnu í 2.- 7. bekk og verkefnið er að hluta samvinnuverkefni heimilis og skóla. Mælingar eru gerðar á færni og getu í byrjun átaks og síðan með jöfnu millibili tvisvar til þrisvar á hverju skólaári. Niðurstöður á samræmdum prófum í 4.-7 bekk er nýttar og skoðaðar og samanburður gerður á færni og skilningi með skimunum úr greiningartækinu LOGOS. Verkefnið er alfarið byggt á viðurkenndum rannsóknum á lestri og lestrarfærni.

2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

| Markmið verkefnis | Leiðir | Árgangar sem tóku þátt | Aðgerðir |
|--|----------------|------------------------|--|
| Að nýta sem flestar lestrarkennsluaðferðir | Lestrarhópar | 1. – 4. bekkur | <ul style="list-style-type: none"> Öllum nemendum árganganna var skipt upp í fjóra hópa eftir lestrarfærni strax í byrjun haustannar. Hver hópur fékk lestrarverkefni miðað við getu hvers og eins. Verkefnin voru fjölbreytt og fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir nýttar markvisst (markviss málörvun, setningaraðferð, LTG- aðferð, heildaraðferð, lestur út frá rithætti, myndlestur, stöfunaraðferð, orðaaðferð, hljóðaaðferð og skapandi skrif). |
| Að efla lestur og lestrarfærni nemenda í 2. til 7. bekk grunnskóla | Víxllestur | 2. – 4. bekkur | <ul style="list-style-type: none"> Lagt inn einu sinni hvora önn í 4 vikur í senn. Nemendur lesa 5 daga í viku með foreldrum í 15 mínútur og skrá fjölda lesinna blaðsíðna. |
| | Skapandi skrif | 5. – 7. bekkur | <ul style="list-style-type: none"> Einn tími í viku á stundartöflu í skapandi skrifum með kennara með sérmenntun í skapandi skrifum. Hugarkortagerð - sögu- og bókagerð. |
| | Þetta er málið | 5. bekkur | Námsefnið Vandamálið er heildstætt móðurmálsefni sem gefið er út að Skólavefnum. Ætlað nemendum í 5.- 7. bekk |
| | Minnsta málið | 6. bekkur | |
| Ekki málið | 7. bekkur | | |

| | | | |
|--|-----------------------------------|------------------------------|--|
| Að mæla á markvissan hátt árangur nemenda | Lestrarpróf anir | 2. – 7. bekkur | Allir árgangarnir voru lestrarprófaðir eftir átak í víxllestri, á vorönn og á haustönn bæði árin. Árangur hvers nemenda mældur. |
| | LOGOS - greining | 4. bekkur og valdir nemendur | Allir nemendur árganganna voru greindir með LOGOS á haustönn og aftur á vorönn. Árangur hvers nemanda mældur og skráður |
| Að bæta lestur og lestrarfærni nemenda í 2. til 7. bekk grunnskóla | Sam- burður | 1. – 7. bekkur | Allar niðurstöður lestrarprófana og LOGOS mælinga, bornar saman innbyrðis og við árangur í víxllesturslestrarátakinu, fyrir og eftir áramót. Árangur hvers nemanda borinn saman við aðra nemendur í sínum bekk og við nemendur í árganginum. |
| | Aðgerðar- áætlun | 1. – 7. bekkur | Árangur hvers nemanda metinn og sett inn einstaklingsmiðuð áætlun fyrir alla nemendur sem voru undir viðmiðunarmörkum. |
| | Könnun til foreldra um víxllestur | 2. – 4. bekkur | Viðhorfskönnun var send til foreldra haustið 2010 eftir víxllestrarátakið. Ábendingar foreldra mótuðu framkvæmd víxllestursátaksins um vorið. |

3. Frávik miðað við áætlun verkefnis

Upphaflega var sótt um styrk til verkefnisins fyrir Hjallaskóla skólaárið 2009 – 2010. Farið var af stað með verkefnið þá um haustið en vegna óvæntrar sameiningar Hjalla- og Digranesskóla vorið 2010 fékk verkefnisstjóri að fresta því um ár og fór verkefnið af stað aftur í hinum nýja sameinaða skóla ári síðar, eða skólaárið 2010 – 2011. Styrkupphæðin var sú sama en nemendafjöldinn tvöfaldaðist.

Upphaflega stóð til að Námsmatsstofnun kæmi að verkefninu varðandi sam- burð á árangri nemenda í 4. og 7. bekk í samræmdum prófum. Af því gat ekki orðið en niðurstöður samræmdra prófa voru engu að síður nýttar sem rannsóknargögn í verkefninu.

4. Helstu hindarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Fjárhagsáætlun dugði ekki til efniskaupa vegna fjölgunar nemenda og sá bókakostur sem til var dugði ekki til að koma til móts við alla nemendur. Mismuninn þurfti því að greiða af fjárhagsáætlun skólans. Fjárveiting úr Sprotasjóði var nýtt til að kaupa námsefni frá Skólavefnum sem hefur á að skipa fjölbreytt efni í heildstæðri móðurmálskenndu fyrir grunnskóla.

Sameiningarvinna skólans var tímafrek og fundartímar nýttir að mestu í vinnu tengda henni. Sú vinna sem Læsisverkefnið krafðist var því til viðbótar og orsakaði aukið fundarálag á kennara og oft og tíðum mikla vinnu utan hins hefðbundna vinnuramma þeirra.

5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu

Allir nemendur í lestrarátakinu bættu lestrarárangur sinn í Læsisverkefninu.

Verkefnið er orðið hluti af skólastarfinu og verður áfram haldið utan um niðurstöður og árangur hvers nemenda, þær metnar jafnóðum og nýttar til að bæta lestrarfærni þeirra með markvissum úrræðum. Verkefnið hefur sýnt að allir nemendur hafa verið að bæta sig, og mun því verða sett inn markviss vinna í alla árganga í Álfhólsskóla, allt frá 1.-10 bekkjar.

Verkefnastjóra var falið að kynna árangur verkefnisins fyrir sérkennurum í grunnskólum Kópavogs. Nokkrir skólar hafa nú þegar fylgt í fótspor Álfhólsskóla og eru að vinna með lestur á sama hátt og Álfhólsskóli gerir í dag. Kennarar nemendur og foreldrar eru mjög

sáttir við þau vinnubrögð sem verkefninu hafa fylgt og er mikill áhugi á að þetta verði þróað áfram.

Læsisverkefni Álfhólsskóla hefur myndað tengsl við lestrarrannsóknir í Noregi, Svíþjóð og Kanada og er þá verið að skoða lestur og lesskilning í þessum löndum til samanburðar við Ísland (Álfhólsskóla).

6. Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur gert kennara opnari og jákvæðari fyrir nýjum og fjölbreyttum leiðum í lestrarkennslu og meðvitaða um hvaða árangri þessar leiðir skila nemendum í bættum árangri í lestri, sérstaklega hvað varðar lesskilninginn.

Verkefnið er komið til að vera og er lestrarkennslan í dag og eftirfylgnin með henni með sama hætti og í læsisverkefninu.

7. Niðurstöður verkefnisins

Verkefnið hefur leitt í ljós eftirfarandi:

- Að markviss kennsla í lestri skilar undantekningalaust betri árangri, allir nemendur í verkefninu bættu lestrarárangur sinn.
- Mælingar og greining á árangri nemenda í lestri sýnir að nemendur með lesskilning undir viðmiðunarmörkum eru ranglega taldir með góða lestrarfærni ef leshraði þeirri er viðunandi.
- LOGOS greiningin sýnir hvar lestrarvandi nemandans liggur og gerir kleift að setja inn rétta þjálfun og kennslu sem miðar að því að bæta með markvissum hætti þá þætti sem þarf að bæta.
- Samanburðarmælingar á lestrarárangri nemenda eru mjög mikilvægar til að sýna raunverulega stöðu nemandans í lestri og til að geta brugðist við lestrarvanda einstakra nemenda með réttum hætti.

8. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður

Árangur verkefnisins hefur verið kynntur kennurum viðkomandi árganga jafnóðum og einnig starfsmannahópnum í heild svo og foreldrum barna á yngra stigi í Álfhólsskóla.

Verkefnið hefur nú þegar vakið mikla athygli í Kópavogi og nágrannasveitarfélögum, ekki síst vegna þeirra tölulegu upplýsingar sem verða til á árangri nemenda og því hversu vel þær nýtast til að bæta lestrarfærni hvers nemanda.

Verkefnið hlaut styrk úr Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins og verður kynnt, á þeirra vegum á ráðstefnu í nóvember 2012.

Október 2012
Dagsetning

Guðlaug Snorradóttir
Verkefnastjóri

Sigrún Bjarnadóttir
Skólastjóri ábyrgðarskóla